

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag í landi Efra-Apavatns, Skógarhlíð.*
Deiliskipulagið nær yfir ca. 18 ha land þar sem gert er ráð fyrir allt að 200 m² íbúðarhúsi og allt að 150 m² skemmu. Mesta hæð mænis er 6 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Kjarnholts 1.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 7 við Fagradalsbraut verður skipt á milli lóða nr. 1, 3 og 5. Með þessu stækkar lóð nr. 1 úr 5.261 m² í 6.979 m², lóð nr. 3 stækkar úr 5.004 m² í 6.808 m² og lóð nr. 5 stækkar úr 5.114 m² í 6.822 m². Auk þess verður hámarksnýtingarhlutfall lóða 0,03 í stað þess að miðast við hámarksstærð.
Samþykkt í sveitarstjórn 29. desember 2011.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Leynis, Giljalönd 6 og 8.*
Í breytingunni felst að lóðirnar Giljalönd 6 og 8 verða sameinaðar í eina lóð, Giljalönd 6-8, sem verður 13.319 m² að stærð eftir sameiningu.
Samþykkt í sveitarstjórn 29. desember 2011.
4. *Endurskoðað deiliskipulag fyrir Laugarás.*
Um er að ræða endurskoðun deiliskipulags sem nær yfir allt þéttbýlið í Laugarási fyrir utan tvö afmörkuð svæði. Við gildistöku þessa skipulags falla eldri deiliskipulagsáætlanir innan þess svæðis, sem nýtt skipulag nær yfir, úr gildi.
Samþykkt í sveitarstjórn 29. desember 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. janúar 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.